



HRUNAMANNAHREPPUR

29. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

16. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 7. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 18:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist nýr liður nr. 21, næsti fundur sveitarstjórnar. Tölusetning annarra liða breytist í samræmi við þetta. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Veitustjórn: Fundargerð 9. fundar frá 24. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð 9. fundar Veitustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

2. Fundargerð 264. fundar skipulagsnefndar frá 23. ágúst sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð 264. fundar skipulagsnefndar frá 23. ágúst sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. ágúst sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 36. Sóleyjarbakki: Byggingarheimild; sumarbústaður.

Fyrir liggur umsókn Sigríðar Ólafsdóttur fyrir hönd Guðmundar Kristinssonar, móttekin 14.08.2023, um byggingarheimild fyrir 172,5 m² sumarbústað mhl 13 á jörðinni Sóleyjarbakki L166830 í Hrunamannahreppi.

Fyrir liggur að umsótt frístundahús er staðsett á landbúnaðarlandi í flokki 1 samkvæmt flokkun Steinsholts frá 2016 sem telst vera kjörlendi til akuryrkju. Nýjar byggingar eru almennt ekki reistar á landbúnaðarlandi í flokki 1 nema í nágrenni núverandi bygginga eða veitukerfa. Að mati skipulagsnefndar uppfyllir viðkomandi bygging þau skilyrði þar sem hún er staðsett í nálægð við núverandi byggingar á svæðinu. Innan aðaluppdráttu er tiltekið að nýtingarhlutfall húss/ræktaðs lands sé 0,005. Að mati nefndarinnar telst það mjög óveruleg röskun á ræktunarlandi. Að auki virðist landið nú þegar vera nýtt undir skógrækt en ekki akuryrkju sé litið til loftmyndar af svæðinu. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar

athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 37. Fannborgartangi 1,3,5 og 7: Byggingarreitur; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi lóða Fannborgartanga 1, 3, 5 og 7. Í breytingunni felst innbyrðis breyting á skiptingu byggingarreitar. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 38. Hólakot: Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Hólakots L166762 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að skilgreint er frístundasvæði í stað landbúnaðarlands á um 12 ha spildu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða ítrekar nefndin fyrri bókun vegna málsins er varðar að RML meti landið nánar m.t.t. flokkunar landbúnaðarlands vegna skilmála aðalskipulags er varðar verndun úrvals landbúnaðarlands.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 49. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. ágúst sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. ágúst sl.

3. Bergrisinn bs.: Fundargerð 59. stjórnarfundar frá 9. júní sl.

Lögð fram fundargerð 59. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Bergrisinn bs.: Fundargerð 60. stjórnarfundar frá 12. júní sl.

Lögð fram fundargerð 60. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Bergrisinn bs.: Fundargerð 61. stjórnarfundar frá 12. júlí sl.

Lögð fram fundargerð 61. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 7. fundar stjórnar frá 16. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð 7. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

7. Bréf frá Stjórnarráðinu frá 5. september 2023.

Lagt fram bréf frá stjórnarráðinu þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til að móta málstefnu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga sé slík stefna ekki fyrir hendi.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna drög að málstefnu fyrir sveitarfélagið og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

8. Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 1. september 2023.

Lagt fram bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna framlags úr ríkissjóði til að standa straum af hluta kostnaðar sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir, sem vistuð hafa verið utan heimilis árið 2023 á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands frá 23. ágúst 2023.

Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands þar sem aðildarsveitarfélögum er tilkynnt um aðalfund fulltrúaráðs félagsins sem haldinn verður 6. október n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúi Hrunamannahrepps á fundum EBÍ verði Bjarney Vignisdóttir og Alexandra Rós Jóhannesdóttir til vara.

10. Bréf frá Stígamótum frá 30. ágúst 2023.

Lagt fram bréf frá Stígamótum með beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2024.

Sveitarstjórn samþykkir að veita samtökunum styrk með sama hætti og verið hefur.

11. Bréf frá sóknarnefnd Hrunasóknar frá 28. ágúst 2023.

Lagt fram bréf frá sóknarnefnd Hrunasóknar þar sem óskað er eftir styrk vegna æskulýðsstarfs í Hrunaprestkalli. Framhald verður á því sem prófað var í fyrsta sinn í fyrra í fermingarstörfum í Hrunaprestkalli að öllum nemendum í 8. bekk Flúðaskóla (óháð því hvort börnin fermast eða ekki) var boðið í menningar-, skemmti- og fræðsluferðir. Sveitarstjórn er beðin um að styrkja við þetta verkefni með styrk upp á 10.000 kr. á hvert barn á þessum aldri í sínu sveitarfélagi.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið og greiða framlag með öllum börnum í 8. bekk sem lögheimili eiga í Hrunamannahreppi.

12. Bréf frá Ípróttá- og tómsfundafulltrúa ódagss.

Lagt fram bréf frá Ípróttá- og tómsfundafulltrúa þar sem hann boðar til fundar þann 25. september með fulltrúum sveitarfélaganna og fulltrúum verkefnisins Bjartur lífstíll en það er samstarfsverkefni Landssambands eldri borgara og ÍSÍ með það hlutverk að safna upplýsingum um og hjálpa til við þróun hreyfiúrræða fyrir 60+.

Lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá Sigurði G. Guðjónssyni frá 28. ágúst 2023.

Lögð fram andmæli Sigurðar G. Guðjónssonar fyrir hönd Margrétar Eyfells vegna bókunar sveitarstjórnar frá 29. júní 2023 þar sem fjallað var um lóðir í Kerlingafjöllum. Einnig hefur borist tölvupóstur frá Margréti Eyfells þar sem hún tilkynnir að málinu hafi verið vísað til umboðsmanns Alþingis.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta fyrirhugaðri auglýsingu þar til niðurstaða umboðsmanns um málið liggur fyrir.

14. Skýrsla um grenjavinnsluna 2023.

Lögð fram skýrsla frá veiðimönnum um grenjavinnsluna 2023. Í sumar var metár hvað varðar fjölda grenja, en unnin voru 48 dýr í heildina í 8 grenjum.

Lagt fram til kynningar um leið og veiðimönnum eru þökkuð góð störf.

15. Persónuverndarstefna Hrunamannahrepps.

Lögð fram Persónuverndarstefna Hrunamannahrepps í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Sveitarstjórn samþykkir stefnuna.

16. Breyting á samþykkt um stjórn Hrunamannahrepps – síðari umræða.

Lagðar fram breytingar á samþykkt um stjórn Hrunamannahrepps til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir breytingarnar og felur sveitarstjóra að birta auglýsinguna í Stjórnartíðindum með það að markmiði að breytingin taki gildi um næstu áramót.

17. Erindisbréf Veitu- og framkvæmdanefndar ásamt starfslýsingum yfirmanns eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og veitustjóra.

Lagt fram erindisbréf Veitu- og framkvæmdanefndar ásamt starfslýsingum yfirmanns eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og starfslýsingu veitustjóra.

Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið og meðfylgjandi starfslýsingar og samþykkir jafnframt að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir nýjum yfirmanni eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála. Nýtt fyrirkomulag tekur gildi þegar nýr starfsmaður hefur störf.

18. Umsögn frá Samtökum orkusveitarfélaga um verkefni starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu.

Lögð fram umsögn frá Samtökum orkusveitarfélaga sem send var inn í samráðsgátt stjórnvalda um verkefni starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu. Samtökin hvetja aðildarsveitarfélögin til að skila inn umsögn eða taka undir umsögnina.

Lagt fram til kynningar.

19. Lóðaumsókn: Reynihlíð 8

Lögð fram lóðaumsókn frá Ylhús ehf. vegna lóðarinnar Reynihlíð 8.

Þar sem umrædd lóð hefur ekki verið auglýst laus til umsóknar þá samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að auglýsa lóðina ásamt Reynihlíð 6 lausa til umsóknar í samræmi við reglur um lóðaúthlutun. Kostnaði sem til fellur vegna gatnagerðar er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

20. Minnisblað vegna gatnagerðargjalds við Högnastíg.

Lagt fram minnisblað vegna gatnagerðargjalds við Högnastíg ásamt tölvupóstssamskiptum lögmannna íbúa og sveitarfélagsins. Þar kemur fram að lögmaður fyrir hönd íbúa býður að gengið verði frá málinu með sáttagreiðslu. Verði ekki gengið að því má búast við því að málið fari fyrir dómstóla.

Sveitarstjórn stendur við fyrri ákvörðun um að aðhafast ekki frekar í málinu og hafnar því framkomnu sáttaboði.

21. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 27. september kl. 16:00. Stefnumótunarvinna sveitarstjórnar verði síðan í beinu framhaldi.

Fjárhagsleg málefni:

22. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst 2023.

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027.

Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

23. Boð á aukaaðalfund Samtaka orkusveitarfélaga 19. september 2023.

Lagt fram til kynningar fulltrúi sveitarfélagsins er Jón Bjarnason.

24. Boð á Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 26. og 27. október 2023.

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar Hrunamannahrepps á aðalfundi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verði: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir og Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Varamenn eru Herbert Hauksson og Daði Geir Samúelsson.

Auk þeirra er sveitarstjóri með seturétt með málfrelsi og tillögurétt á fundunum.

Fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands er Aldís Hafsteinsdóttir en varamaður hennar er Jón Bjarnason.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 20:54.